

Sameiginlegur fundur SK og SN haldin að Iðavöllum 25.maí 2009

Mættir:

SK: Guðmundur, Sigurbjörg, Falur, Júlí, Hjördís og Lilja.

SN: Herdís, Helga, Elsie, Ævar og Lúðvík.

Auk þess voru þjálfarar boðaðir á fundinn, Steindór, Eddi og Jóhanna mættu, en Sóley gat ekki mætt

1.mál Fundargerð

Farið yfir fundargerð síðasta fundar. Fundargerð samþykkt.

2.mál Samantekt eftir Sparisjóðsmótið

Mótshald tókst vel þrátt fyrir færri þátttakendur en í fyrra.

Rætt um að endurskoða greinar 8 ára og yngri og sleppa nokkrum greinum þar sem fáar eða engar skráningar voru.

3.mál AMÍ 2010

AMÍ 2010 verður í Hafnarfirði, fundarmenn lýstu yfir vonbrigðum með að umsókn ÍRB hafi ekki orðið fyrir valinu.

Ákveðið að sækja um AMÍ 2011.

4.mál AMÍ

Lágmarkamót verður 4.júní og aftur 10. júní ef þess gerist þörf.

Ákveðið að hafa foreldrafund vegna AMÍ 11. júní.

Nauðsynlegt að Linda mæti á fundinn til að upplýsa foreldra um inneign í sundsjóði.

Hjördís og Gummi gáfu kost á sér sem fararstjórar, enn vantar 2 fararstjóra.

Verð per sundmann á mótið er 22 þúsund kr., innifalið mótsgjald, nesti á bakka og bolur.

Ákveðið að innkalla boli sem IM 50 farar fengu til að hægt sé að prenta áletrun á bakið á þeim.

Fjöldi sundmanna er um 50.

5.mál 600 stiga hópurnin

Ræddum um hvort áheitasöfnun myndi auðvelda 600 stiga hópnum að komast í utanlandsferð. Ákváðum að skoða það.

6.mál Tímasetja haustmót

Rætt var um að hafa innanfélagsmót 3.okt.2009 fyrir okkar sundmenn og líka til að þjálfa nýja dómara og tæknifólk.

7.mál Akranesleikar

Foreldrafundur vegna Akranesleikja verður 27. maí og mun Steindór stjórna fundi.

Fararstjórar verða Guðrún og Herdís.

Verð á sundmann er 7500kr.

8.mál ÍRB fundur

Gummi bað fundarmenn að mæta með opnum hug á fundinn á morgun að öðru leyti tjáði hann sig ekki þar sem hann er bundinn þagnareiði.

9.mál Önnur mál

Ákveðið að stofna fjáröflunarnefnd v/utanlandsferðar 2010, þetta verði gert á AMÍ fundinum.

Sibba ætlar fyrir hönd SK að skrifa undir samning við manngildissjóð.

Fundslitið kl.20.45

Fleira ekki rætt

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega..

Ritari Guðbjörg Lilja Jonsdóttir.